

20. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.
Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðurinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

21. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 21.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 21.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætta opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 107 4. mars 1975, sbr. nr. 47/1979.

Samgönguráðuneytið, 12. febrúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á staðgreinireit 1.36, sem afmarkast af Suðurlandsbraut, Kringlumýrarbraut, Sigtúni og Reykjavegi, verði útivistar-, stofnana- og miðbæjarsvæði í stað útivistarsvæðis.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af Borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Óskar Hallgrímsson.